

Þjarskrifst. Garðabæjar	
Dagsetning	11.01.2017
Skjalnúmer	08.23
Mál nr.	1701004

Garðabær
Garðatorgi
210 Garðabæ

Reykjavík 9. janúar 2017

Efni: Bréf Umhverfisstofnunar til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, eigenda SORPU bs., dagsett 29. desember 2016 (UST 201612-141/G.H.E.).

Vegna tilvitnaðs bréfs Umhverfisstofnunar verður að árétta og útskýra nokkur atriði. Í bréfinu eru dregnar ályktanir af fjölmiðlaumfjöllun um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar sem lengi hefur verið í undirbúningi eða allt frá því að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020 kom út árið 2009 (sjá www.samlausn.is). Umhverfisstofnun byggir ábendingar sínar á fréttapætti sem að sjálfsögðu getur ekki talist gild heimild. Að auki velur stofnunin að horfa framhjá nokkrum staðreyndum um tilvitnaða framkvæmd gas- og jarðgerðarstöðvar:

1. Megintilgangur byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar er að draga úr urðun á lífrænum úrgangi – ekki að auka endurvinnslu í sjálfu sér. Sveitarfélögin eru með byggingu stöðvarinnar að uppfylla fyrirmæli í lögum og reglum um samdrátt í urðun á lífrænum úrgangi, sbr. 13., 43. og 57. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Ákvörðun sveitarfélaganna er jafnframt í samræmi við samþykkt stjórnar SORPU bs. um að hætta urðun á lífrænum úrgangi fyrir árið 2021. Óháð því að tilgangur stöðvarinnar sé ekki að auka endurvinnslu, er óhjákvæmileg afleiðing af verkefninu samt að endurvinnsla, í hvaða formi sem hún verður, mun aukast.
2. Þær kvaðir eru vissulega lagðar á sveitarfélögin að auka endurnot, endurnýtingu, endurheimtu, uppvinnslu og endurvinnslu, en hins vegar láðist Umhverfisstofnun að geta þess að sveitarfélögin bera ekki ein skyldur um að auka endurvinnslu alls úrgangs. Sjálfstæð skylda er lögð á Úrvinnslusjóð í þessum efnum (umbúðaúrgangur, raftæki o. fl.), sbr. 3. og 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og 34. og 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Úrvinnslusjóður skal ná tölulegum markmiðum um endurvinnslu umbúðaúrgangs (plast-, pappír- og pappambúða), raf- og rafeindatækjaúrgangs og fleiri tegunda úrgangs og eru Úrvinnslusjóði færð þau verkfæri með lögum sem þarf til að ná markmiðum um endurvinnslu í þessum efnisflokkum.
3. Í bréfi Umhverfisstofnunar er vísað til 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og vakin „...athygli á markmiði sem í gildi er um 50% endurvinnslu heimilisúrgangs.....“. Orðið heimilisúrgangur kemur ekki fyrir í tilvitnuðu reglugerðarákvæði, heldur er þar fjallað um ákveðna efnisflokka sem eiga uppruna sinn á heimilum: „...a.m.k. pappír, málmar, plast og gler.“. Í ákvæðinu er hvergi fjallað um heimilisúrgang eða lífrænan úrgang. Tilvísun Umhverfisstofnunar til ákvæðisins er því ekki rétt.
4. Umhverfisstofnun hefur nú þegar upplýsingar um árangur í endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu enda ein af skyldum stofnunarinnar að halda utan um magntölur úrgangs. Stofnunin hefur jafnframt undir höndum svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

2009 - 2020, sjá www.samlausn.is þar sem fram kemur samþykkt stefna sveitarfélaganna á suðvesturlandi um meðhöndlun úrgangs á svæðinu þ.m.t. höfuðborgarsvæðinu. Ef einhverjar viðbótar upplýsingar vantar um árangur, stefnumörkun eða hvernig aðilar hyggjast ná settum markmiðum um endurvinnslu hefði jafnframt verið eðlilegt að stofnunin óskaði eftir slíkum upplýsingum frá SORPU bs. í stað þess að byggja erindi sitt til sveitarfélaganna á tilvitnuðum fréttapætti. Árangur í efnisendurvinnslu heimila á höfuðborgarsvæðinu hefur verið og er langt umfram það sem gerist í öðrum sveitarfélögum á landinu.

5. SORPA bs. hefur ekki haldið því fram að vinnsla í umræddri gas- og jarðgerðarstöð leiði af sér endurvinnsluhlutfall yfir 95% eitt og sér. Horfa verður á stefnu og framkvæmd alls málaflokksins í heild sinni hér á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar, aukin flokkun og endurvinnsla á ýmsum úrgangi sem ekki á heima í þeirri stöð (s.s. aukin endurvinnsla pappírs, pappa, plasts, glers, mála, textíls o.s.frv.) og vinnsla á þeim efnum sem flokkast frá í umræddri stöð. Öll þessi verkefni munu leiða af sér aðallega, að urðun heimilisérgangs verður undir 5%. Það má vera að notkun á hugtökum (endurnot, endurnýting, endurvinnsla, orkuendurvinnsla, uppvinnsla, endurheimt) hafi á tíðum ekki verið nákvæmlega í takt við skilgreiningar í lögum, en hins vegar er ljóst að í málvitund almennings er lítill eða enginn munur gerður á þessum hugtökum. Sú frétt sem SORPA bs. gaf út af gefnu tilefni var beint að almenningi. Hafi Umhverfisstofnun þótt orðanotkun eða framsetningu ábótavant hefði verið sjálfsagt að leita skýringa eða gera athugasemd við ranga eða misvísandi orðanotkun.

Undirritaður áttar sig ekki á því hver var tilgangur Umhverfisstofnunar með erindi sínu til sveitarfélaganna. Varla var það að sá efasemdum um jafn viðamikilð verkefni og gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. og sveitarfélaganna er – verkefni sem mun bæta samfélagið og umhverfið verulega. Enda verður að ætla að það sé ánægjuefni fyrir Umhverfisstofnun að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sýni slíka framsýni og stórhug í úrgangsmálun. Að minnsta kosti er ljóst að stofnunin sendi erindið án þess að hafa kynnt sér málið – þvert á skýra rannsóknarskyldu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Samrit: 6 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem eru eigendur SORPU bs.

Afrit: Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti